

Nóvember 2016

## DUROGESIC® (FENTANYL FORÐAPLÁSTUR): NÝTT ÚTLIT PLÁSTRANNA - TIL ÞESS AÐ AUKA SÝNILEIKA

Ágæti heilbrigðisstafsmaður,

Janssen-Cilag AB kemur því hér með á framfæri að útliti Durogesic forðaplástra hefur verið breytt og eru plástrarnir nú með lituðum köntum. Plástrarnir með nýja útlitinu verða á markaði frá desember 2016. Útlit nýju plástranna:



Útlit plástranna var ákveðið í samráði við Lyfjastofnun Evrópu til þess að auka sýnileika þeirra, þar sem greint hefur verið frá útsetningu fyrir fentanyl í plástrum fyrir slyzni, þar sem plásturinn hefur hugsanlega ekki verið nægilega sýnilegur. Útsetning fyrir slyzni getur valdið einkennum ofskömmtunar þar sem alvarlegustu einkennin eru öndunarbæling sem getur verið lífshættuleg.

Upplýsið sjúklinginn og/eða hjúkrunarfræðing/umönnunaraðila um nýtt útlit Durogesic plástranna og leggið áherslu á rétta meðhöndlun plástranna eins og lýst er í fylgiseðlinum.

### Tilkynning aukaverkana

Mikilvægt er að tilkynna hugsanlegar aukaverkanir vegna Durogesic plástra til Lyfjastofnunar samkvæmt leiðbeiningum á heimasíðu stofnunarinnar (sjá „Aukaverkanir“) [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is). Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir til umboðsaðila Janssen á Íslandi, Vistor hf., á netfangið [safety@vistor.is](mailto:safety@vistor.is) eða í síma 535 7000.

### Frekari upplýsingar

Ef spurningar vakna skal hafa samband við fulltrúa Janssen hjá Vistor hf. í síma 535 7000 eða í tölvupósti til [thyri@vistor.is](mailto:thyri@vistor.is).

Með kveðju,

Þyri E. Þorsteinsdóttir  
Markaðsstjóri  
Janssen / Vistor  
[thyri@vistor.is](mailto:thyri@vistor.is)